

fæðingarorlofs. Sé um fleiri en einn launagreiðanda að ræða, skal lagt fram vottorð frá sérhverjum þeirra.

Með umsókn föður um greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi skal fylgja yfirlýsing vinnuveitanda þess efnis, að faðir muni leggja niður launuð störf þann tíma, sem fæðingardagpeningar verða greiddir.

Um sérákvæði varðandi framlögð gögn til sönnunar á vinnuframlagi vísast til 21. gr. reglugerðar þessarar.

40. gr.

Barnshafandi kona skal tilkynna vinnuveitanda með a.m.k. 21 dags fyrirvara hvenær hún hyggst hefja fæðingarorlof sitt.

Faðir, sem hyggst taka fæðingarorlof á móti móður eða um leið og hún, skal tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Sé fyrir hendi réttur til lengingar fæðingarorlofs vegna fjölbura fæðingar, veikinda barns eða veikinda móður skulu foreldrar og tilkynna vinnuveitanda sínum um lengingu orlofsins eins fljótt og auðið er.

41. gr.

Vilji kona hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi hennar, skal hún tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara. Jafnframt skal hún tilkynna það til Tryggingastofnunar ríkisins. Fæðingardagpeningar falla niður fyrir þann tíma sem hún nýtir ekki.

42. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 59 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. og lög nr. 57 31. mars 1987 um fæðingarorlof og öðlast gildi 1. janúar 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Dögg Pálsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 53, 12. febrúar 1987, um skuld-  
breytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1987.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*